

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Tumi Tómasson

ATHUGUN Á GLJÚFURÁ 1984.


EINTAK BÓKASAFNS.

Hólum í Hjaltadal.
1985.

VMST-N / 850

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Tumi Tómasson
apríl 1985.



ATHUGUN Á GLJÚFURÁ 1984.

Þann 7. júlí 1984 var Gljúfurá skoðuð. Rafveitt var á 3 stöðum framarlega á ólaxgenga hlutanum, neðsti fossinn skoðaður, og rafveitt á einum stað á laxgenga hlutanum. Þeir Sigurður Magnússon á Hnjúki og Björn Magnússon á Hólabaki voru til leiðbeiningar og aðstoðar um daginn. Gljúfurá hefur áður verið athuguð og var rafveitt þar 1981 og 1982 (Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson, 1983).

Í rafveiðunum á ólaxgenga hlutanum 7. júlí var veiðin:

staður	stærð veiðisv.	Tjöldi veiddra seiða úr sleppingu		
		1980	1981	1983
Við Rofabakka móts Helguvatnslandi	60x10m		3	2
Móti Flugusteini í kvísl að vestan	70x15m	1	5	4
Við Selkvísl	40x10m		4	1

Athuganir 1982 bentu til að einhver hluti sleppingarinnar frá 1981 hefði átt að fara út 1983, en að sennilega færu flest út 1984. Við Rofabakka voru tvö af þremur seiðum sem veiddust úr þessari sleppingu kynþroska hængar, en þeir verða eftir í ánni. Á móti Flugusteini voru flest seiðin komin í göngubúning og enn ofar, við Selkvísl, voru seiðin enn ekki komin í göngubúning, þótt þau væru orðin nógu stór. Áin hlýnar seinna eftir því sem ofar dregur og göngubúningsmyndun er því seinni þar.

Almennt má segja að sleppingin frá 1981 virðist sem slík hafa heppnast vel. Hinsvegar, jafnvel í mjög góðu árferði, er göngubúningsmyndun sein og eftir er að sjá hversu mörg seiði skili sér aftur sem fullorðnir laxar í ána aftur. Líklegast er að flestir laxar sem skila sér aftur komi eftir tvö ár í sjó.

Vöxtur seiða á ólaxgenga hlutanum er góður og sleppiseiðin frá 1983 voru einnig stór (Mynd 1). Sennilega geta mörg þeirra farið út sumarið 1985.

Um miðjan júlí^{13/7} var seiðum aftur sleppt í Gljúfurá. Seiðin voru frekar stór (Mynd 2). Þessu sinni var sleppingunni skipt. Um ~~4900~~ ²⁰⁰⁰ seiðum var sleppt framarlega, eins og gert hefur verið til þessa, en öðrum ~~2000~~ ²⁰⁰⁰ var sleppt í gilið skammt fyrir ofan fossana. Með þessu er ætlunin að fá hugmynd um hvort munur sé á endurheimtum eftir göngutíma. Seiðin neðar í ánni halda til sjávar fyrr á sumrin. Hluti seiðanna var merktur. Vinstri kviðaruggi var klipptur af 1100 seiðum sem sleppt var í framánna, en hægri kviðaruggi var klipptur af ~~jafnmörgum~~ ¹¹⁰⁰ seiðum sem sleppt var neðar í ána.

(Mynd 3)

Á laxgenga hlutanum var veitt á móts við veiðihúsið. Mikil vatn var í ánni og aðstæður til rafveiða því erfiðar. Mun færri seiði fengust þar nú en 1982. Það vekur athygli hversu illa þessi seiði hafa vaxið, og bendir það til að skilyrði til vaxtar hafi verið mjög slæm 1983. Þetta er fyrir það að þéttleiki seiða


var tiltölulega hár og slæmt tíðarfar 1983 hefur valdið enn frekari fæðuskorti. Þá dregur úr vexti og náttúruleg dánartala eykst. Þar sem seiðapéttleikinn er minni, á ólaxgengu svæðunum, var vöxtur áfram góður 1983, þrátt fyrir að þar væri kaldara en neðar í ánni. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fengist hafa víða annar staðar í rafveiðum í ám norðanlands sumarið 1984. Á laxgenga hlutanum fengust engin seiði úr klaki vorið 1983 og 1984.

Lítið var á neðsta fossinn. Ekki virðist mikið skorta til að hann sé laxgengur, og etv. væri nóg að veita rennsli meira með landinu að vestan til að gera hann laxgengann.


Þrátt fyrir seiðasleppingar í Gljúfurá undanfarin ár og seiðaframleiðslu á laxgenga hlutanum, hefur lax lítið orðið vart í ánni. Ganga verður úr skugga um gengd í ána. Ef ekki er hægt að nýta lax á venjulegum veiðitíma verður að fá undanþágu til að veiða hann á þeim tíma og með þeim aðferðum sem líklegt má telja að beri árangur. Ef laxgengd eykst ekki á næstu árum eru miklar líkur á því að áframhaldandi seiðasleppingar borgi sig ekki.

Heimildir:


Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson 1983. Árangur seiðasleppinga ofan fossa í Gljúfurá.



Mynd 1. Lengdardreifing seiða á ólaxgengum hluta Gljúfurár 7. júlí 1984.



Mynd 2. Lengdardreifing seiða sem sleppt var í Gljúfurá um miðjan júlí 1984.



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing seiða á laxgengum hluta Gljúfurár 7. júlí 1984.